

Sent. Félagsráði 16/05/10

Alþingi

Erindi nr. P 138/2307

komudagur 17.5.2010


Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, Alþingi, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 903 - 516.mál.

Dýraverndarsamband Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Mun sterkar þarf að kveða að orði eigi að ná því markmiði laganna að bæta upplýsingagjöf til almennings og efla rétt almennings til að gera athugasemdir, sbr. ákvæði 15.gr. frumvarpsins þar sem Umhverfisstofnun er **heimilað** að mæla fyrir um samráð við almennung. Þetta þarf að vera **skylda** í öllum tilvikum.
- 2) Mjög mikilvægt er að ráðherra verði gert **skylt** að setja reglugerð um merkingar allra matvæla, fódurs og sáðvöru sem inniheldur erfðabreytt efni, sbr. athugasemdir í frumvarpinu við 2.gr. þess. Íslensk stjórnvöld hafa dregið úr hömlu að koma á slíkri skyldu, í raun og veru sýnt furðulegt sinnuleysi um all langt árabíl. Lagt er til að sérstök hliðsjón verði höfð af löggjöf Norðmanna um þessi efni en þar hafa matvæli o.fl. með erfðabreyttu efni verið sérmerkt um áratugs skeið auk þess sem virku, vísindalegu eftirliti er haldið uppi.
- 3) Mælt er gegn því að felld skuli í brott ákvæði þess efnis að **höfð skuli í huga sérstaða landsins á norðurslóð**, sbr. athugasemdir í frumvarpinu við 2.gr. þess. Minnt er á þá sérstöðu að hér er tiltölulega fábreytt flóra (fár tegundir) og vistkerfi eru viðkvæm, m.a. vegna norðlægrar legu landsins (hitastig) og tíðra, staðbundinna áhrifa af völdum eldgosa. Minnt er á vandamál sem skapast hafa vegna dreifingar innfluttra tegunda á borð við Alaskalúpínu og kerfil og augljóslega þarf að hafa sérstaka gát á hugsanlegum áhrifum erfðabreyttra jurta hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. Dýraverndarsambands Íslands


Ólafur R. Dýrmondsson




Alþingi
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2010
Tilvísun: HI10050067/0.3

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um erfðabreyttar lifverur, 516. mál.

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpið var sent deildarforseta lif- og umhverfisvísindadeildar háskólans og fylgir umsögn hans með í afriti. Vísar háskólinn til þess sem þar kemur fram. Jafnframt vísar háskólinn til fyrri umsagnar um sama frumvarp sem send var umhverfisnefnd Alþingis 22. júní 2009.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
Lögfræðingur



LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLANS

Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Sími: 525 4627

Bréfasími: 525 4069

14. maí 2010

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996.

Þetta er öðru sinni sem frumvarp þetta berst til Líffræðistofnunar til umsagnar en hinn 18. júní 2009 sendi Dr. Ólafur S. Andrésson, prófessor í erfðafræði, meðfylgjandi umsögn til yfirstjórnar Háskóla Íslands.

Þar sem mér sýnist sem texti frumvarpsins hafi ekki tekið neinum meginbreytingum vil ég vísa aftur til umsagnar Ólafs þess efnis að almennt eru breytingarnar til bóta. Ég vil einnig taka undir orð Ólafs um aðkomu vísindasamfélagsins. Það er lykilatriði þegar kemur að framkvæmd laganna að stjórnsýsluákvæðanir byggi á samráði við færustu vísindamenn og þannig tryggt að besta fáanlega þekking liggji til grundvallar. Þetta er t.d. mjög mikilvægt þegar að því kemur að umgangast þau meginhugtök, varúðarregluna og sjálfbæra þróun, sem vísað er í í 1. grein frumvarpsins. Í skilgreiningunni á varúðarreglunni sem Ólafur vitnar til er það skýrt hvernig tilvísun til hennar verður að byggja á bestu vísindalegri þekkingu.

Það er greinilegt að það eru ýmsar útgáfur af varúðarreglunni á sveimi. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta sagt um varúðarregluna: *“Hún felur í sér að þar sem hættu er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þetta má líka orða þannig að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar framkvæmda fyrir umhverfið, skuli náttúran njóta vafans. Þannig skal, eins nafn reglunnar ber með sér, fara fram af varúð.”* Fyrsta setningin er illskiljanleg vegna orskrípisins “kostnaðarhagkvæmur”. Hver skyldi vilja fresta aðgerðum sem bæði eru hagkvæmar og koma í veg fyrir umhverfisspjöll?! Mér virðist sem skilgreiningin sem

Ólafur vitnar til sé miklu gagnsærri og ólíklegri til að leiða til deilna um túlkun heldur en ofangreindar skilgreiningar sem frumvarpið styðst við.

Sigurður S. Snorrason, prófessor og deildarforseti líf- og umhverfisvísindadeildar

LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLANS
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4627
Bréfasími: 525 4069

18. júní 2009

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996.

Breytingartillögur frumvarpsins eru almennt til bóta, einkum hvað varðar betra upplýsingaflæði og aðkomu almennings. Þessar breytingar munu reyna á málefnalega og vísindalega umfjöllun, einkum hvað varðar varúðarregluna svonefndu, en túlkun hennar veldur gjarnan deilum. Af lagasetningu og umfjöllun á alþjóðavettvangi er ljóst að varúðarreglan er m.a. reist á ríkjandi vísindalegri afstöðu, eða bestu fánlegri vísindalegri þekkingu. Þetta er gjarnan orðað á þann veg að séu ekki vísindaleg rök fyrir því að framkvæmd muni ekki valda almenningsþjáningu eða umhverfi tjóni (þegar á heildina er litið – að mati vísindasamfélagsins) þá falli sönnunarbyrðin á framkvæmdaaðila.

Aðkoma vísindasamfélagsins er og verður lykilatriði í málefnalegri umfjöllun og í ákvarðanatöku um erfðabreyttar lífverur, en þessu atriði er ekki gefinn mikill gaumur í frumvarpinu eða athugasemdum með því. Úr því má t.d. bæta með umfjöllun um skipan og hlutverk ráðgjafarnefndar og umsagnaraðila.

“The precautionary principle is a moral and political principle which states that if an action or policy might cause severe or irreversible harm to the public or to the environment, in the absence of a scientific consensus that harm would not ensue, the burden of proof falls on those who would advocate taking the action.”
(wikipedia.org/wiki/Precautionary_principle – sótt 18/06/2009)

Ólafur S. Andr sson, pr fessor   erf afr ði og n msbrautarstj ri l ffr ði

Minnispunktur vegna fundar með umhverfisnefnd Alþingis - 3. júní 2010

Ólafur S. Andrússon, prófessor í erfðafræði, líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

- Ekki er eðlismunur á þeim breytingum sem verða náttúrulega á erfðaefni lífvera og því sem verður í "erfðabreyttum lífverum" eins og þær eru skilgreindar í frumvarpinu. Eftir því sem fleiri erfðamengi eru skoðuð virðist munurinn á náttúrulegum og manngerðum erfðabreytingum minni en ætlað var. Þær manngerðu eru þó markvissari og hraðari.
- Engin dæmi eru um skaða sem rakinn verður til erfðabreyttra lífvera (>30 ára reynsla).
- Erfðabreyttar lífverur eru mikilvægar við fæðuframléiðslu, í heilbrigðisþjónustu og í rannsóknum. M.a. er dregið úr eiturefnanotkun.
- Vísindamenn hafa hvatt til varfærni við þróun erfðatækni og hafa verið virkir þátttakendur í opinberum umræðum um nýtingu tækninnar.
- Gagnrýni á nýtingu erfðabreyttra lífvera er einkum af þrennum toga:
 - 1) Verið er að taka framfyrir hendur náttúruaflanna, leika Guð.
 - 2) Hætta í fæðuframléiðslu, einkum vegna ofnæmisvaka og útbreiðslu fúkkalyfjaóæmis. Ekki hefur verið sýnt fram á að þessar hættur séu meiri en í annarri fæðuframléiðslu.
 - 3) Misbeiting stórfyrirtækja (tæknin dæmd vegna misnotkunar).
- Mjög ólíklegt er að einstakar erfðabreytingar útaf fyrir sig valdi markverðum breytingum í vistkerfum, til þess þyrfti erfðabreytingin að auka hæfni lífveru sem þegar er vel aðloguð. Erfðabreyttar lífverur hafa nær alltaf, eðli sínu samkvæmt, tapað hæfni úti til að keppa úti í náttúrunni.
- Erfðauðlindum landsins stafar mest hættu af ágengum tegundum, einkum dugmiklum plöntum.
- Í umsögn minni í fyrra benti ég sérstaklega á óheppilega skilgreiningu á svonefndri "varúðarreglu". Sú ábending á enn við. Ef nauðsynlegt reynist að hafa varúðarreglu í frumvarpinu, þá mælist ég til að notuð verði heppilegri og raunhæfari skilgreining sem er í betra samræmi við þær skilgreiningar sem almennt eru notaðar nú (sjá umsagnir).



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2413
komudagur 18.5.2010

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 19. maí 2010
Tilv.: 1005007

Umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010). Umsögnina gerði dr. Kristinn P. Magnússon dósent fyrir hönd Háskólans á Akureyri.

Hér er um að ræða um lagabreytingu með vísun í tilskipun Evrópusambandsins um erfðabreyttar lífverur skv. Tilskipun EB. Nr. 2001/18/EB.

Í grundvallaratriðum er frumvarpinu ætlað að setja lög sem síðan beri að túlka í reglugerðum.

Það er athyglisvert að frumvarpið er viðameira en tilskipun Nr. 2001/18/EB gerir ráð fyrir. Það vantar tilhlýðileg rök fyrir því að Ísland gangi lengra en aðrar Evrópuþjóðir.

Lög um erfðabreyttar lífverur eru mikilvæg en þau verða jafnframt að tryggja að hægt verði að stunda rannsóknir í líffræði, erfðafræði og líftækni í háskólum eða einkafyrirtækjum. Það er mikið í húfi að sprotafyrirtæki í greininni nái að vaxa og dafna og gæti frumvarpið innleitt viðskiptahindranir umfram það sem aðrar þjóðir lúta. Ljóst er að hér er verið að setja í lög ákvæði sem eru óþörf og sem gætu beinlínis hindrað líftæknilega hagnýtingu í þágu landbúnaðar, iðnaðar og heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Bætt er við markmið laganna hugtakinu “líffræðileg fjölbreytni”. Það er engin ástæða til að búa til tengingu við hugtak sem margir lagabálkar eru til um hjá EB. Lagt er til að hugtakið verði ekki haft með.

Það er umhugsunarefni að í lögum sé krafist að tekið sé tillit til varúðarreglunar (precautionary principle) sem gengur út á að náttúran sé látin njóta vafans. Varrúðarreglan setur með því ósættanlegar kröfur á sönnunarbyrði þeirra sem vinna með erfðabreyttar lífverur.

Tilskipunin er rangtúlkuð með því að segja að markmið laganna sé að vernda.... gegn “skaðlegum og óæskilegum áhrifum” erfðabreyttra lífvera. Þessi meinta hættu vegna erfðabreyttra lífvera er hvergi útlistuð í tilskipuninni og ætti ekki að vera í frumvarpinu.

Tilskipunin talar vissulega um lífverur eða “organisms” en hvergi er minnst á dýr. Því er óþarfi að minnst sérstaklega á dýr í frumvarpinu.

2.gr.

4. mgr. er felld brott. Hér er felld út ákvæði um að við framkvæmd laganna skuli höfð í huga “sérstaða landsins á norðurslóð”. Það er engin ástæða til að taka 4. mgr. út.



7. gr.

Í kafla um upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir undir lið c stendur: “Óheimilt er að fara með eftirfarandi upplýsingar sem trúnaðarmál”. Hér er gengið lengra en þörf er á. Í undantekningartilfellum verða aðilar sem stunda rannsóknir að geta framkvæmt tilraunir án þess að eiga hættu á að utanaðkomandi aðilar geti eyðilagt þær.

12. gr. Mikilvægt er að tryggt sé að starfandi verði ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur sem sé skipuð óháðum sérfræðingum úr atvinnulífinu eða frá háskólum.

Fylgiskjal frá Fjármálaráðuneyti, fjárlagaskrifstofa / umsögn:

Þar segir “áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs eru því óveruleg”. Aukið verksvið Umhverfisstofnunar felur í sér rétt til að innheimta gjald vegna úttektar og kynningar fyrir almenning. Sýnt er að verulegur hluti aðila sem þurfa að greiða verða rannsóknaraðlilar hjá ríkisstofnunum.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Alþingi

Erindi nr. P 138/21/6

komudagur 12.5.2010

Kynningarátak um erfðabreyttar lifverur og afurðir þeirra

erfdabreytt@erfdabreytt.net • www.erfdabreytt.net

2010-05-12

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Vt.: Frú Ólína Þorvarðardóttir, formaður

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lifverur; þingskjal 903, 516. mál á 138. löggjafarþingi.

Meðfylgjandi er umsögn kynningarátaks um erfðabreyttar lifverur um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lifverur.

Kynningarátakið fagnar því að Alþingi skuli beita sér fyrir endurbótum á íslenskum lagareglum í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um erfðabreyttar lifverur.


Jafnframt vill átakið vekja athygli umhverfisnefndar á nokkrum atriðum frumvarpsins sem það telur brýnt að bætt verði úr, og tilgreind eru í meðfylgjandi athugasemdum.

Virðingarfyllst,
f.h. samstarfsaðila kynningarátaksins:


Landvernd



Náttúruvæðingafélag Íslands




Slow Food Reykjavík




Wá 19467-4229

Mátvæla- og veitingafélag Íslands



Neytendasamtökin



Vottunarstofan Tún



Eftirtaldir aðilar standa að kynningarátaki um erfðabreyttar lifverur:

Landvernd • Mátvæla- og veitingasamband Íslands • Náttúruvæðingafélag Íslands • Neytendasamtökin • Vottunarstofan Tún

**Athugasemdir um
frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996
um erfðabreyttar lífverur
(Þskj. 903, 516. mál á 138. löggjafarþingi.)**

Almennar athugasemdir um frumvarpið

Frumvarpinu er ætlað að leggja grunn að innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera, sem tekin var inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skv. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 þann 28. september 2007.

Hinsvegar ber að hafa í huga að lögin, sem hér er ætlunin að breyta, fjalla ekki aðeins um sleppingar erfðabreyttra lífvera, heldur einnig um afmarkaða notkun þeirra og markaðssetningu.

Samrýmist frumvarpið eigin markmiðum?

Frumvarpið tekur ekki að fullu mið af því markmiði laganna að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á "samfélagslega ábyrgan hátt", þar sem ekki er tilskilið að mat fari fram á samfélagslegum álitamálum sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera.

Uppfyllir frumvarpið ákvæði tilskipunarinnar?

Í athugasemdum með frumvarpinu er megintilgangur þess sagður að innleiða þurfi ákvæði tilskipunar nr. 2001/18/EB um aukinn rétt almennings til upplýsinga og aðkomu að ákvörðunum um sleppingar og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera.

En þegar að er gáð uppfyllir frumvarpið ekki ákvæði tilskipunarinnar hvað varðar samráð við almenning um fyrirhugaðar sleppingar erfðabreyttra lífvera, og virðist sem það stafi af mistökum við þýðingu á 9. gr. tilskipunarinnar.

Tillögur um breytingar á einstökum ákvæðum frumvarpsins

7. grein

Þessari grein er ætlað að bæta og skýra ákvæði um rétt almennings til upplýsinga og athugasemda. Með henni er bætt í lögin nýjum kafla um upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir. Líta verður svo á að þessum kafla sé ætlað að taka til þeirra þriggja meginviða erfðabreyttra lífvera sem lögin fjalla um, þ.e. afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera (IV. kafla), sleppingar eða dreifingar

erfðabreyttira lífvera (V. kafla) og markaðssetningar erfðabreyttira lífvera eða vöru sem inniheldur þær (VI. kafla).

Réttur almennings til upplýsinga er þó einungis tryggður hvað varðar síðasta þáttinn, þ.e. umsóknir um markaðssetningu erfðabreyttira lífvera eða vöru sem inniheldur þær (sjá a-lið 7. gr.).

Ekki er gerð grein fyrir upplýsingaskyldu um umsóknir um afmarkaða notkun erfðabreyttira lífvera. Slík notkun, t.d. ræktun erfðabreyttira lífvera á tilraunastofum og ræktun erfðabreyttira plantna í gróðurhúsum, getur varðað margþætta hagsmuní, einkum í grennd við umrædda starfsemi. Afmörkun eins og hún er útfærð af umsækjanda kann sömuleiðis að orka tvímælis, enda veitir reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttira lífvera hvorki afdráttarlausu né mjög nákvæma leiðsögn þar að lútandi. Lagt er til að sett verði sérstakt ákvæði um þetta atriði í nýrri málsgrein 7. gr. frumvarpsins:

a. (8. gr.)

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir almenningi og, eftir því sem við á, hópum, útdrátt úr umsókn um afmarkaða notkun erfðabreyttira lífvera. Almenningsur og hópar geta borið fram athugasemdir til Umhverfisstofnunar innan 30 daga frá birtingu útdráttar úr umsókn.

ATH.: Eftirkomandi greinanúmer laganna breytast í samræmi við þessa viðbót.

Þá skortir tilfinnanlega afdráttarlaust ákvæði um rétt almennings til upplýsinga um umsóknir um sleppingar erfðabreyttira lífvera, sbr. og aths. við 15. gr. Hvergi er minnst á það í 7. grein frumvarpsins, heldur segir einungis (í boðaðri nýrri 9. gr.) að Umhverfisstofnun beri að upplýsa almenning “þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt ...” sem felur í sér að almenningur hafi ekkert um málið að segja fyrr en leyfi til sleppingar hefur verið veitt. Lagt er til að þetta atriði verði fellt inn í það sem áður var 1. mgr. a-liðar 7. greinar frumvarpsins sem breytist þannig:

b. (9. gr.)

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttira lífvera og útdrátt úr umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur á markað. Þá skal veita almenningi ...

10. grein

Markmið laga um erfðabreyttar lífverur, með þeirri breytingu sem frumvarpið tiltekur, er m.a. að tryggja að framleiðsla og notkun erfðabreyttira lífvera fari fram á “siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun”. Við mat á umsóknum þarf að taka mið af öllum þessum markmiðum, þar með töldu hinu samfélagslega, sbr. t.d. lagareglur Norðmanna sem áskilja sérstakt

mat á samfélagslegum áhrifum sleppingar (sjá Viðauka II við umsögn þessa), svo og mat á siðferðilegum álitamálum hennar. Því er lögð til þessi breyting, til samræmis við markmið laganna:

2. mgr. 13. gr. laganna, sem verður 17. gr., orðast svo:

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lifveru, mat á umhverfishættu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og mat á félagslegum og siðferðilegum álitaeftnum ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

15. gr.

Hér er enn stuðst við ranga íslenska þýðingu á frumtexta 9. gr. tilskipunar nr. 2001/18/EB, kafla B um sleppingu erfðabreyttra lifvera. Þar af leiðandi er samráð við almenning um sleppingu erfðabreyttra lifvera ekki gert að skilyrði, heldur er það einungis í formi heimildar til Umhverfisstofnunar. Því er lagt til eftirfarandi breyting, sem taki til beggja málsgreina 27. gr. laganna:

15. gr.

(1. og 2. mgr.) 27. gr. laganna, sem verður 32. gr., orðast svo:

Umhverfissráðherra getur kveðið nánar á um með reglugerð hvernig Umhverfisstofnun skuli haga samráði og leita umsagna áður en leyfi fyrir starfsemi samkvæmt þessum lögum er veitt.

Umhverfisstofnun skal hafa samráð við almenning og, eftir því sem við á, tiltekna hópa, um alla þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar erfðabreyttra lifvera og hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lifvera. Umhverfisstofnun er heimilt að mæla fyrir um að efni skuli til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Slíkur fundur skal auglýstur sérstaklega.

Hér að neðan í Viðauka I er enskur texti 9. gr. tilskipunar 2001/18/EB borinn saman við opinberu íslensku þýðingu, auk þess sem tillaga er gerð, að höfðu samráði við löggiltan skjalapýðanda, um leiðréttingu á þýðingu þessari.

Viðauki I:

Skekka í íslenskri þýðingu 9. gr. tilskipunar 2001/18/EB um samráð við almenning

Enskur texti tilskipunar nr. 2001/18/EB:

Article 9

Consultation of and information to the public

1. Member states shall, without prejudice to the provisions of Article 7 and 25, consult the public and, where appropriate, groups on the proposed deliberate release. In doing so, Member states shall lay down arrangements for this consultation, including a reasonable time-period, in order to give the public or groups the opportunity to express an opinion.
2. Without prejudice to the provisions of Article 25:
 - Member states shall make available to the public information on all part B releases of GMOs in their territory;
 - The Commission shall make available to the public the information contained in the system of exchange of information pursuant to Article 11.

Opinber íslensk þýðing textans:

9. gr.

Samráð við almenning og miðlun upplýsinga til hans

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um ákvæði 7. og 25. gr., hafa samráð við almenning og hópa, eftir því sem við á, um fyrirhugaða sleppingu. Ef til þess kemur skulu aðildarríkin mæla fyrir um tilhögun þessa samráðs, þar á meðal um hæfilegan frest, til þess að gefa almenningi eða hópum tækifæri til þess að láta álit sitt í ljós.
2. Með fyrirvara um ákvæði 25. gr.:
 - skulu aðildarríkin upplýsa almenning um öil tilvik, sem heyra undir B-hluta, þar sem erfðabreyttum lífverum er sleppt á yfirráðasvæði ríkjanna,
 - skal framkvæmdastjórnin veita almenningi aðgang að þeim upplýsingum sem finnast í upplýsingaskiptakerfinu á grundvelli 11. gr.

Leiðrétt þýðing íslenska textans (sjá undirstrikanir):

9. gr.

Samráð við almenning og miðlun upplýsinga til hans

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um ákvæði 7. og 25. gr., hafa samráð við almenning og, eftir því sem við á, hópa um fyrirhugaða sleppingu. Við framkvæmd þess skulu aðildarríkin mæla fyrir um tilhögun þessa samráðs, þar á meðal um hæfilegan frest, til þess að gefa almenningi eða hópum tækifæri til þess að láta álit sitt í ljós.
2. Með fyrirvara um ákvæði 25. gr.:
 - skulu aðildarríkin upplýsa almenning um öil tilvik, sem heyra undir B-hluta, þar sem erfðabreyttum lífverum er sleppt á yfirráðasvæði ríkjanna,
 - skal framkvæmdastjórnin veita almenningi aðgang að þeim upplýsingum sem eru í upplýsingaskiptakerfinu á grundvelli 11. gr.

Viðauki II:

Norskar lagareglur varðandi mat á samfélagslegum og siðferðilegum álitamálum o.fl.

Neðangreindur texti er 4. viðauki í reglugerð norsku krúnunnar dags. 16.12.2005 um matsáhrif í samræmi við lög um erfðatækni, lýsir kröfum sem gerðar eru þar í landi til mats á mögulegum afleiðingum sleppingar og markaðssetningar erfðabreyttra.

Appendix 4

Evaluation of ethical considerations, sustainability and benefit to society, of section 17 of the regulations

Introduction

This appendix explains what should be included in an account of other consequences of the production and use of genetically modified organisms pursuant to section 17 of the regulations. To the extent necessary, such an account should as far as possible include all the elements listed in the appendix. However, the appendix is not exhaustive, and not all the elements will be relevant in every case.

The purpose of the Gene Technology Act, as set out in its section 1, is to ensure that the production and use of genetically modified organisms and the production of cloned animals take place in an ethically justifiable and socially acceptable manner, in accordance with the principle of sustainable development and without adverse effects on human and animal health and the environment. Section 10, second paragraph, of the Act lays down that the deliberate release of genetically modified organisms may only be approved when there is no risk of adverse effects on human or animal health or the environment, and that considerable weight is to be given to whether the deliberate release of genetically modified organisms will be of benefit to society and is likely to promote sustainable development. The comments on the objects clause of the Act in Proposition No. 8 (1992 to 1993) to the Odelsting make it clear that the precautionary principle is to be used as a basis in evaluating potential adverse effects on human and animal health and the environment, and that ethical considerations must be given considerable weight when making decisions on applications for approval pursuant to the Act. The comments on section 10, second paragraph, make it clear that when applications for deliberate release pursuant to the Act are considered, any benefits to society and contributions to sustainable development are to be used both as independent criteria for the evaluation of applications and as criteria that may make result in less strict application of the requirement that the release of genetically modified organisms must not have adverse effects on health or the environment. An evaluation of benefits to society and contribution to sustainable development should be based on the principles of cost-benefit analysis.

1. Procedure for the evaluation

The evaluation should be organised as follows:

- 1. Risk of adverse effects on human and animal health and the environment:*
 - a) what are the possible adverse effects?*
 - b) how probable are these effects?*
- 2. Precautionary principle:*
 - a) is there justified uncertainty associated with the risk assessment?*
 - b) is there a possibility of substantial or irreversible harm?*
- 3. Will the project*
 - a) tend to promote or hinder sustainable development?*
 - b) have favourable or unfavourable social consequences?*

c) *be ethically justifiable?*

In assessing the questions in item 3, it can be useful to distinguish between the following three elements:

- the characteristics of the product*
- its production*
- its use*

II. Risk of adverse effects on human and animal health and the environment

A. Checklist

- *Does the application provide sufficient documentation for evaluating possible adverse effects?*
- *Is it reasonable to assume that there will be a major or significant risk to health or the environment?*
- *Is it reasonable to assume that there will be major or significant adverse effects on health or the environment?*
- *Is it reasonable to assume that there will be major or significant adverse cumulative effects on health or the environment?*

B. Comments

If the answer to question 1 is no, the application shall be evaluated in relation to question 2 in part I above on the precautionary principle.

If the answer to one or more of questions 2-4 is yes, the application shall be refused. If the answer to all of questions 2-4 is no, the application shall be evaluated in relation to the precautionary principle.

III. The precautionary principle

A. Checklist

- *Is there a reasonable degree of doubt about existing risk assessments, and is there a danger that the risk may be higher than these assessments indicate?*
- *Is there a reasonable degree of doubt about existing probability assessments, and is there a danger that the probability of adverse effects is higher than these assessments indicate?*
- *Is there a reasonable degree of doubt about existing impact assessments and is there a danger of even more serious effects on health and the environment than these assessments indicate?*
- *Is there a reasonable degree of doubt about possible serious cumulative effects on health or the environment?*
- *Is there a reasonable degree of doubt as to whether proposed mitigating measures and instruments will function as intended?*

B. Comment

If the answer to one or more of these questions is yes, this indicates that the application can be refused with reference to the precautionary principle.

IV. Sustainable development

A. Checklist

1. Global impacts

- *Will there be global impacts on biodiversity?*
- *Will there be impacts on ecosystem functioning?*
- *Will there be differences between the impacts of production and use in these respects?*

2. Ecological limits

- *Will there be any impact on the efficiency of energy use?*
- *Will there be any impact on the efficiency of other natural resource use?*
- *Will there be any impact on the proportions of renewable and non-renewable resources used?*
- *Will there be any impact on emissions of global and transboundary pollutants?*
- *Will there be any particular impact on greenhouse gas emissions?*
- *Will there be differences between the impacts of production and use in these respects?*

3. Basic human needs

- *Will there be any impact on the degree to which basic human needs are met?*

- *Will there be differences between the impacts of production and use in these respects?*
- 4. *Distribution between generations*
 - *Will there be any impact on the distribution of benefits between generations?*
 - *Will there be any impact on the distribution of burdens between generations?*
 - *Will there be differences between the impacts of production and use in these respects?*
- 5. *Distribution between rich and poor countries*
 - *Will there be any impact on the distribution of benefits between rich and poor countries?*
 - *Will there be any impact on the distribution of burdens between rich and poor countries?*
 - *Will there be differences between the impacts of production and use in these respects?*
- 6. *Economic growth*
 - *Will there be any impact on the use of energy and other natural resources for economic growth?*
 - *Will there be any impact on the global/transnational environmental impacts of economic growth?*
 - *Will there be any impact on the distribution of economic growth between rich and poor countries?*
 - *Will there be differences between the impacts of production and use in these respects?*

B. Comment

An evaluation of whether a project is in accordance with the principle of sustainable development must be based on an overall assessment and discussion of all these questions. However, not all the questions will be relevant in all cases.

V. Favourable or unfavourable social consequences

A. Checklist

1. Characteristics of the product

- *Is it reasonable to say that there is a demand or a need for the product?*
- *Is it reasonable to say that the product will solve or help to solve a social problem?*
- *Is it reasonable to say that the product is significantly better than similar products that are already on the market?*
- *Is it reasonable to say that there are alternatives that are more suitable than this product for solving or helping to solve the social problem in question?*

2. Production and use of the product

- *Will the product have a positive effect on industrial development and wealth creation, including new employment opportunities?*
- *Will the product have a positive effect on industrial development and wealth creation, including new employment opportunities, in rural areas in particular?*
- *Will the product have a positive effect on industrial development and wealth creation, including new employment opportunities, in other countries?*
- *Will the product tend to create problems for existing production that should be maintained?*
- *Will the product tend to create problems for existing production in other countries?*

B. Comment

An evaluation of whether a product is of benefit to society must be based on a discussion of the answers to all these questions. However, not all the questions will be relevant in all cases.

VI. Ethical considerations

A. General considerations

1. Analysis of the situation

- *What alternatives are there?*
- *Which parties are involved? How will they be disadvantaged by or benefit from the different alternatives?*

2. Ethical reasoning

- *Which norms are applicable?*
- *How can any conflict between these norms be resolved?*

3. Implementation

- *How can the best alternative be implemented in practice?*

B. Checklist

1. Ethical norms and values relating to people

- *Will approval or prohibition of the product and its production and use be in accordance with the moral views of the general population?*
- *Will the product or its production and use come into conflict with the ideals of solidarity and equality between people, such as the need to show special consideration for weaker groups?*
- *Decisions made by mainstream society can have a serious adverse impact on indigenous peoples, people who live in highly traditional cultures, and weaker groups. Special account should be taken of the need of these groups to be able to control their own processes of social change.*
- *Will the marketing and sales, in particular, of the product come into conflict with ethical norms and values relating to people?*

2. Eco-ethical considerations

- *Will the product and its production be in conflict with any intrinsic value assigned to animal species?*
- *Will the production of the product cause unnecessary suffering to animals?*
- *Will the production of the product involve crossing species barriers in ways that are materially different from those otherwise found in cultivation or in the wild, and that must be considered incompatible with the value assigned to the integrity of species.*

C. Comment

An evaluation of other ethical and social considerations must be based on a discussion of the answers to all these questions. However, not all the questions will be relevant in all cases.

Kynningarátak um erfðabreyttar lifverur
2010-05-12

- *Landvernd*
- *Matvæla- og veitingafélag Íslands*
- *Náttúrulækningafélag Íslands*
- *Neytendasamtökin*
- *Slow Food Reykjavík*
- *Vottunarstofan Tún*

Skrifstofu Alþingis,
b.t. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfoss, 17. maí 2010
Málanr. MAST09050167

Umsögn Matvælastofnunar

Þskj. 903 — 516. mál.

Um frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur

Við er til erindis dags. 6. maí 2010 vegna frumvarps til breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Matvælastofnun vill með umsögn þessari koma eftirfarandi á framfæri. Með frumvarpinu er verið að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/18/EB, en tilskipunin varð hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 28. september 2007, sjá ákvörðun nr. 127/2007. Tilskipunin fjallar um sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, en hún nær hins vegar ekki til erfðabreyttra lífvera sem notaðar eru sem matvæli eða fóður, matvæla og fódurs sem innihalda erfðabreyttar lífverur, og matvæli sem unnin eru úr, eða innihalda efni sem unnin eru úr erfðabreyttum lífverum. Um slík matvæli og fóður gilda ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1829/2003 (on genetically modified food and feed). Sú reglugerð er nú til umfjöllunar hjá EFTA-ríkjunum og biður þess að vera tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um stjórnarráð Íslands fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið með mál er varða matvæli, matvælaeftirlit og matvælarannsóknir og annast Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna eftirlit og stjórnsýslu á þessu sviði. Umhverfisstofnun fer hins vegar undir yfirstjórn Umhverfissráðuneytisins, með eftirlit og stjórnsýslu með náttúruvernd, vernd vistkerfa og líffræðilegra fjölbreytni og erfðaauðlinda, auk annarrar umhverfissvöktunar. Matvælastofnun telur því afar mikilvægt að gildissvið frumvarpsins sem ætlað er að ná til innleiðingar á tilskipun 2001/18 um sleppingar og dreifingar á erfðabreyttum lífverum verði ekki víðtækara en efni standa til og að matvæli og fóður verði undanskilin ákvæðum þess.

Reglugerð Evrópusambandsins nr. 1829/2003 er byggð á matvælalöggjöf Evrópusambandsins og í henni er að finna ákvæði um markaðssetningu, merkingar og öryggi erfðabreyttra matvæla og fódurs sem fylgja munu íslensku matvælalöggjöfinni, og mun reglugerð nr. 1829/2003 verða innleidd með stöð í 31. gr. a matvælaganna nr. 95/1993 og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Í þessum ákvæðum segir að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þar sem kveðið skuli nánar á um m.a. erfðabreytt matvæli og fóður. Með því mun yfirstjórn með málefnum erfðabreyttra matvæla og fódurs vera í höndum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og eftirlit og almenn stjórnsýsla í höndum undirstofnanna þess.



Af þessum sökum leggur Matvælastofnun til að greinargóð skil verði gerð á milli erfðabreyttra lífvera og erfðabreyttra matvæla og fóðurs, með þeim hætti að ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1996 verði svohljóðandi:

“Lög þessi gilda ekki um erfðabreytt matvæli, erfðabreytt fóður og um afurðir erfðabreyttra lífvera.”

F.h Matvælastofnunar

Viktor Stefán Pálsson
Forstöðumaður Stjórnsýslusviðs

Afrit: nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2359
komudagur 18 .5. 2010

Umhverfisnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 17. maí 2010
2010050014/42-1-3
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur, 516. mál


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 6. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur (EES-reglur, upplýsingagjöf til almennings), 516. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framangreint frumvarp til breytinga á lögum um erfðabreyttar lífverur og telur það vera mjög til bóta. Stofnunin fagnar því að nú skuli sérstaklega vera nefnt að markmið laganna sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni. Einnig er það mjög til bóta að réttur almennings til upplýsinga og umsagna um einstök mál sé gerður skýrari og einnig hlutverk Umhverfisstofnunar og ráðgjafanefndar. Í 3. gr. c lið þar sem skilgreint er slepping eða dreifing mætti bæta orðlag þar sem segir:með veggjum til að hindra., sem mætti verameð veggjum eða öðrum tálmunum til að hindra..... Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson





Reykjavík 9. júní 2010

Ólína Þorvarðardóttir, formaður umhverfisnefndar Alþingis

Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur

ORF Líftækni gerir nokkrar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, sem gert er ráð fyrir að Alþingi taki til annarra umræðu í vikunni. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt í þeirri mynd sem birtist með nefndaráli umhverfisnefndar, getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsemi og vöxt ORF Líftækni á Íslandi og dótturfyrirtækis, þess Sif Cosmetics. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 40 manns og stefnt er að hröðum vexti á næstunni með aðkomu erlendra fjárfesta og auknum útflutningi. Í núverandi áætlun er gert ráð fyrir að akuryrkja og úrvinnsla á stórum skala fari fram á Suðurlandi og í Skagafirði.

Meginmarkmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Í tilskipuninni felst m.a. að mat skuli fara fram á umhverfisáhættu við sleppingu erfðabreyttra lífvera í umhverfið og aðgengi almennings að upplýsingum skuli aukið. Þó ORF Líftækni telji að ákvæði í tilskipuninni séu nokkuð ströng, er ljóst að Ísland þarf að taka þessa tilskipun upp með breytingu á lögum. Fyrirtækið gerir því ekki athugasemd við að lögnum sé breytt til að mæta ákvæðum Evróputilskipunarinnar. Það er hins vegar ljóst að hvergi í heiminum er gengið lengra í eftirliti og upplýsingagjöf um erfðabreytta ræktun en í Evrópu. Í því lagafrumvarpi sem nú liggja fyrir Alþingi er gengið enn lengra en í Evróputilskipuninni í ýmsum veigamiklum atriðum. Þá er almennt orðalag lagafrumvarpsins allt mun neikvæðara en í tilskipuninni sjálfri.

Með áætlunum breytingum á lögnum er enn þrengt að starfsskilyrðum nýsköpunarfyrirtækisins ORF Líftækni á Íslandi og þau gerð erfiðari en í öðrum löndum Evrópu, hvað þá í Kanada og Bandaríkjunum. Mikilvægur liður í áætlunum fyrirtækisins er að hefja akurræktun á erfðabreyttu byggi til framleiðslu á verðmætum próteínum. Fyrirtækið óskar eindregið eftir því að fæti verði ekki brugðið fyrir þau áform að aukin ræktun geti farið fram á Íslandi og að löggjafinn haldi sig við markmið tilskipunarinnar sem verið er að innleiða og geri ákvæði íslenskra laga ekki strangari en þörf er á. Einnig er ljóst að miklu skiptir hvernig framkvæmd nýrra laga verður háttáð og að þar verði gætt meðalhófs en ekki gengist við ítrustu kröfum fámenns en háværs hóps andstæðinga erfðatækni.

Helstu atriði sem ORF Líftækni gerir athugasemdir við í frumvarpinu:

Nánari útlistanir á athugasemdum ORF Líftækni er að finna í umsögn um frumvarpið sem kynnt var umhverfisnefnd Alþingis á fundi 3. júní síðastliðinn. Í eftirfarandi athugasemdum er miðað við númer lagagreina eins og ætlað er að þau verði í nýjum lögum um erfðabreyttar lífverur, en ekki greinar lagafrumvarpsins sjálfs.

Með breytingartillögum meirihluta umhverfisnefndar (Þskj. 1211 - 516. mál), er hnykkt á notkun svokallaðrar varúðarreglu í 1. grein laganna og markmið þeirra skv. breytingatillögunni er að „vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og heilsu manna og dýra gegn hugsanlegum skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.“

Hægt er að líta þannig á að breytingatillaga meirihluta umhverfisnefndar um að skjóta inn í 1. greinina orðinu „hugsanlegum“ mildi orðalag greinarinnar í þá veru að ekki sé lengur fullyrt að erfðabreyttar lífverur hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér. Hins vegar útvíkkar þessi breyting einnig mögulega markmið greinarinnar út í hið óendanlega, því hvað er ekki hugsanlegt? Að nota þetta orð í markmiðsgrein frumvarpsins opnar á óendanlega möguleika fyrir andstæðinga erfðatækni á að gera kröfur um rannsóknir og úttektir á öllum „hugsanlegum hættum.“ Miklu nær væri að tala um „möguleg skaðleg og óæskileg áhrif.“ Í sambandi við varúðarregluna er mikilvægt að skilgreining á henni liggi fyrir. Sumir vilja skilgreina hana sem svo að allt sem ekki sé vísindalega sannað að sé óskaðlegt, sé bannað. Samkvæmt því er allt bannað, því vísindi sanna aldrei neitt, heldur felst vísindaleg aðferð í að hrekja tilgátur og vísindaleg fullvissa er ekki til. Í þessu sambandi vísast í

umsögn frá Háskóla Íslands um frumvarpið þar sem lagt er til að í framkvæmd varúðarreglunnar þurfi umsækjandi að færa fyrir því gild vísindaleg rök að hætta fylgi ekki sleppingu erfðabreyttra lífvera.

Í 1. grein er jafnframt kveðið á um að eitt markmið laganna sé að vernda „líffræðilegan fjölbreytileika.“ Þó það sé gott markmið í sjálfu sér er erfitt að sjá hvaða tilgangi þetta gegnir í þessum lögum, enda er þetta ákvæði ekki að finna í tilskipuninni sem verið er að innleiða. Hætta er á að þetta muni flækja mat á umhverfisáhættu langt umfram það sem gert er ráð fyrir í Evróputilskipuninni.

Í 4. grein er enn gengið lengra en í tilskipuninni sjálfri sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Á henni má skilja að erfðabreyttri lífveru hafi verið sleppt umkringi hana ekki fjórir „veggir“. Í fyrri lögum er hins vegar talað um tálmanir og er það í samræmi við tilskipunina þar sem talað er um „containment measures“. Benda má á að í tilfalli bakteria er hugtakið „veggur“ t.d. marklaust. Fyrir ORF Líftækni má einnig spyrja hvort að gler í gróðurhúsi teljist „veggur“. Ef ekki, er hér um grundvallarbreytingu að ræða sem kynni að kippa fótunum undan rekstri hátækni-gróðurhúss fyrirtækisins í Grindavík og þar með starfsemi þess á Íslandi. Ennfremur má benda á það að með þröngri túlkun myndi akurræktun ekki falla undir sleppingu ef að akurinn væri umkringdur vegg. Í 3. grein er ennfremur enn og aftur skotið inn orðinu „líffræðileg fjölbreytni“ sem ekki er að finna í tilskipuninni.

Í nýjum IV kafla er fjallað um upplýsingagjöf til almennings. Í 10. grein er gerð grein fyrir því að vissum upplýsingum sé heimilt að leyna vegna samkeppnismála, en taldar upp upplýsingar sem ekki má leyna. Það er mjög gagnrýnivert að staðsetning sleppingar skuli vera þar á lista. Hér á landi og erlendis er þekkt að öfgahópar hafa valdið skemmdarverkum á akurræktun á erfðabreyttum plöntum. Þannig eyðilögðu öfgamenn sl. sumar tilraunareit ORF Líftækni í Gunnarsholti, sem frestaði mikilvægum tilraunum um heilt ár með miklum tilkostnaði. Í Þýskalandi hefur verið gripið til þess ráðs að láta lögreglu vakta akurinn allt sumarið – hefðum við Íslendingar efni á slíku? Stjórnvöld í Bretlandi hafa séð sig knúin til að endurskoða þetta ákvæði og erfitt er að sjá af hverju nákvæm staðsetning þarf að vera öðrum kunn en þar til bærum eftirlitsaðilum og öðrum hlutaðeigandi aðilum.


21. grein er hægt að túlka sem svo að sækja þurfi um sérstakt markaðsleyfi á öllum vörum sem innihalda eitthvað sem framleitt er í erfðabreyttum lífverum. Meirihluti umhverfisnefndar lagði til breytingar á 2. grein frumvarpsins til að koma í veg fyrir þetta. Samsvarandi breytingar þarf að gera á 21. greininni, þannig að talað sé þar einnig um „erfðabreyttar lífverur, svo og vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti,“ í stað „sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða lífverum.“

Í 26. grein er Umhverfisstofnun afhentur opinna tékki fyrir kynningarstarfi á kostnað umsækjanda. Eini kostur umsækjanda til hafa áhrif á slíkan kostnað virðist vera að draga umsókn til baka. Þó nú sé dregið saman í ríkisfjármálum er óásættanlegt að fyrirtæki, háskólar og aðrar stofnanir fái sendan reikning fyrir slíkum ófyrirséðum kostnaði.

Að lokum vil ég geta þess að ORF Líftækni hf hefur þróað tækni sem er einstök á alþjóðlegum mælikvarða og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja í heiminum á þessu sviði. Til marks um það má benda á að okkur tókst að fá erlenda fjárfesta inn í fyrirtækið í miðju bankahruninu, eitt örfárra, íslenskra fyrirtækja. Fyrirtækið er nú með yfir 130 mismunandi prótein í framleiðslu og horfir til margra, ólíkra markaða, allt frá snyrtivörum og lyfjum til stofnufrumulækninga. Til að þessi árangur náðist þurfti mikið hugvit, mikla eljusemi, áræðni og þor, ásamt miklu fjármagni sem erfitt var að sækja í því andrúmslofti sem ríkti undanfarin ár. En þetta tókst og nú er fyrirtækið fyrst í þeirri stöðu að geta nýtt sér þetta forskot á alþjóðlegum vettvangi. Með því að ganga enn lengra en tilskipun Evrópuþingsins segir til um, er í raun verið að senda þau skilaboð að innan stjórnsýslunnar á Íslandi ráði öfl er hafi engan áhuga á atvinnusköpun hér á landi er tengist nýsköpunarfyrirtæki okkar. Þetta viðhorf mun hafa bein áhrif á framtíðaruppbyggingu fyrirtækisins hér á landi.

Afrit sent: umhverfisnefnd Alþingis, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, iðnaðarráðherra

Virðingarfyllst,



Björn Örvar, Framkvæmdastjóri ORF Líftækni og Sif Cosmetics

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. maí

Varðar umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 516. mál.

ORF Líftækni hf. þakkar Umhverfisnefnd veitt tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga sem snertir starfsemi fyrirtækisins og umhverfi líftækni í landinu.

Fyrirtækið vill nota tækifærið og benda á eftirfarandi niðurstöðu Hátækni – og Sprotapings um lagaumhverfið til að setja umsögnina í víðara samfélagslegt samhengi.

Þingnefndar tillaga Hátækni – og Sprotapings 2009.

Eftirfarandi þingnefndartillaga var borin fram og samþykkt á Hátækni-og Sprotapingi 2009 sem haldin var í nóvember síðastliðnum, með þáttöku m.a. Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og fjölda þingmanna.

Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú að lagaumhverfi verði hagstætt atvinnusköpun. Gæta verður þess sérstaklega að lagaumhverfi erfðatækni veiti nauðsynlegt aðhald en hamli ekki vexti þeirra sprota í atvinnurekstri sem notfæra sér þessa öfluggu grundvallartækni.

“Sníða þarf lagaumhverfi sem styður við fremur en að hamlar nýsköpun. Mikilvægt er að lög og reglugerðir veiti nauðsynlegt aðhald og greiði fyrir atvinnuskapandi starfsemi. Líftækni er undirliggjandi tækni í samfélaginu, rétt eins og upplýsingatækni og hún er notuð á fjölmörgum sviðum samfélagsins s.s. í landbúnaði, matvælavinnslu, heilbrigðissviði, orkuiðnaði og sjávarútvegi. Erfðatækni er mikilvægt verkfæri fyrir alla líftækni starfsemi. Líftækni er ein af forsendum nútímasamfélags og skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni þjóða. Mikilvægt er að laga- og reglugerðarumhverfi á Íslandi, veiti eðlilegt aðhald en gangi ekki lengra en gerist í nágrannalöndunum. Þannig stuðlum við að því að fyrirtæki og stofnanir, sem vinna með erfðatækni standi ekki halloka í alþjóðlegri samkeppni og verði rekin í sátt við innviði samfélagsins. Stuðla þarf að virkri stjórnábyrgð við afgreiðslu leyfisumsókna og þegar reglum er framfylgt, svo lögmæt starfsemi fái þrífist innan ramma settra laga og reglugerða.”

Í þessu felst að löggjafar- og framkvæmdavald gæti þess m.a. við innleiðingu tilskipana EB sé ekki gengið lengra nauðsynlegt er, svo ekki taki að halla á Ísland í lagaumhverfi sem snertir rannsóknir, þróun og nýsköpun í landinu. Aðstæður í samfélaginu til atvinnusköpunar eru nógu erfiðar samt. Stjórnvöld og Alþingi þurfa að móta með sér afstöðu um hvort Ísland eigi að treysta stöðu sína sem nýskapandi þjóð á sviði vísinda og Græns iðnaðar sem hefur tekið mörg ár að ávinna, eða velja aðra leiðir til að komast úr kreppunni.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, þskj. 903 – 516. mál ber nokkur einkenni vilja til þess að gildissvið sé víðara og að gengið sé lengra en tilskipunin mælir fyrir um í átt til þess að þrengja að starfsemi sprotafyrirtækja og vísindastarfsemi á sviði líftækni m.a. með rökstuðningi í athugasemdum um hættu sem er ekki fyrir hendi:

Breyting á 1. grein laga

1. grein laganna kveður á um að eitt markmið laganna sé að verja líffræðilega fjölbreytni. Þetta er ekki markmið tilskipunarinnar sem verið er að innleiða og er því veruleg útvíkkun á gildissviði laganna umfram innleiðingu tilskipunar EB. Þessi

séríslenska útvíkkun kallar á útfærslur og kvaðir í reglugerðum óþekktar að umfangi eðli en íþyngjandi fyrir þá aðila með starfsemi sem lýtur þessum lögum og reglugerðum, s.s. háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Fyrirséð er að kostnaður við framkvæmd og eftirlit eykst bæði hjá hinu opinbera, háskólum og atvinnulífinu.

Lagt er til að löggjafinn haldi sig við markmið tilskipunarinnar sem verið er að innleiða og sleppi viðbótinni um líffræðilega fjölbreytni úr markmiðum laganna og öðrum texta frumvarpsins.

Breyting á 2. grein laga skv. frumvarpi:

4. mgr. skuli felld brott.

4. mgr. er svohljóðandi: "Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð." Markmið og gildissvið laganna frá 1996/18 skv. 1. grein er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og dýr... Vistkerfi landsins er sérstakt og afleiðing og órjúfanlega tengd sérstöðu landsins á norðurslóð; mótuð af legu landsins, jarðfræði þess (eins og við erum minnt á þessa dagana), loftslagi, samsetningu Flóru og Fánu og einangraðrar legu milli heimsálfa. Sérstöðu landsins á norðurslóð hefur enda verið haldið á lofti við rökstuðning og stofnun þjóðgarða landsins, landbúnaðarmál, fiskveiðistefnu og auðlindamál.

Það er afar sérkennilegt að leggja til breytingu á lögum til þess að hætta að taka mið af sérstöðu landsins. Slíkt kann að skapa fordæmi í viðræðum við EB um stöðu landbúnaðar og fiskveiða og annarra auðlinda. Verður ef til vill miðað við meðal-Evrópskt vistkerfi, sem á lítið skylt við íslenskan veruleika?

Lagt er til að halda inni 4. mgr. laga nr 18/1996 í nýju frumvarpi.

Breyting á 3. grein laganna, skv frumvarpi:

Séríslenskar breytingar á orðaskýringum og skilgreiningum sem er ekki að finna í tilskipun má sjá m.a. í lið c við skilgreiningu á "Sleppingu eða dreifingu": Í breytingu á 3. grein laganna er lagt til orðalagið: - ... er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur, eða **vara sem hefur þær að geyma** (?) eru ræktaðar, aldar eða þeim hleypt (sleppt eða dreift) **út úr húsi án þess að þær séu lokaðar af með veggjum** til að hindra að þær hafi áhrif á fólk, aðrar lífverur, **líffræðilega fjölbreytni** eða umhverfið.

Þessar orðalagsbreytingar var ekki að finna í fyrri útgáfu Frumvarps til laga (þskj 2- 2. mál 137 löggjg.þing 2009), er ekki að finna í lögum nr. 18 frá 1996 og heldur ekki í þeirri tilskipun sem verið er að innleiða.

Vandséð er að þær séu til bóta; -eða hvernig sjá menn fyrir sér ræktun, eldi eða sleppingu vöru út í lífríkið? Er ekki um að ræða sleppingu á erfðabreyttum lífverum eins og segir í lögnum frá 1996 og í tilskipun?

Það er óvenjulegt að í lögum sé gengið svo langt í skilgreiningum að tiltaka veggi. Benda má á að í þeim tilvikum sem um væri að ræða erfðabreytt dýr, myndi það varla samrýmast dýraverndunarsjónarmiðum að mega ekki hleypa þeim ekki út úr húsi t.d. í gerði án þess að slíkt teldist til sleppingar eða dreifingar í náttúruna. Hvaða áhrif hefur slík skilgreining á t.d. húsdýrahald í þéttbýli? Er hundum sleppt eða dreift í náttúruna við það að viðra þá í bandi utan veggja?

Þetta býr ennfremur til óvissu um hvað teljist til veggja- hvað með ræktun í gróðurhúsum úr gleri eða plasti?

Teljast þær skyndilega til sleppingar í mótsögn við allar venjur og þá tilskipun sem verið er að innleiða? Slík túlkun myndi líklega hrekja nýsköpun sem byggði á ylrækt og félli undir lögin, úr landi.

Það telst varla góð lagasetning þar sem breytingar á skilgreiningum í lögum auka á óvissu og ónákvæmni með tilheyrandi erfiðleikum fyrir framkvæmd þeirra og eftirlit.

Varðandi líffræðilega fjölbreytni er vísað í athugasemd við 1. grein laganna og lagt til að það sé felld brott úr frumvarpinu enda nái "áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfið" yfir viðtækara svið en líffræðilegur fjölbreytileiki.

Í tilskipun 2001/18 sem verið er að innleiða er eftirfarandi skilgreining: deliberate release means any intentional introduction into the environment of a GMO or a combination of GMOs for which no specific containment measures are used to limit their contact with and to provide a high level of safety for the general population and the environment;

Í lögnum frá 1996/18 segir í skilgreiningu að Slepping eða dreifing merkir það þegar erfðabreyttum lífverum sé sleppt í umhverfið án þess að beitt sé tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi.

Það má ljóst vera að hvergi er talað um sleppingu vöru í umhverfið eða vegg, né líffræðilegan fjölbreytileika. Mismunandi skilgreiningar kunna að leiða til vandkvæða við innleiðingu frekari tilskipana frá EB.

Það er eindregið lagt til að löggjafinn haldi sig við óbreytta skilgreiningu á Sleppingu og dreifingu í lögum nr 18 /1996 sem er efnislega samhljóða tilskipuninni sem verið er að innleiða.

7. grein frumvarpsins

c. (10 gr.)

Í a-lið er tiltekið að meðal upplýsinga sem óheimilt er að fara með sem trúnaðarmál er m.a. staðsetning sleppingar.

Rétt er að benda á að á þeim 8 árum síðan tilskipunin var gefin út í Evrópu hefur reynslan verið slæm af því að gefa upp staðsetningu sleppingar. Tilraunir á vegum háskóla og opinberra stofnana hafa verið eyðilagðar af spellvirkjum í þeim mæli stjórnvöld að í Bretlandi hafa séð sig knúin til að endurskoða þetta ákvæði.

Hérlendis gerðist í fyrsta skipti slíkur atburður sumarið 2009 þar sem tilraunareitur með erfðabreyttum lífverum var eyðilagður. Umhverfinu stafar fyrst og fremst ógn af slíkum skemmdarverkum þar sem brotið er á eignarrétti og skeytingar- og þekkingarleysi kann að dreifa lífverum í umhverfið.

Eftirlitsstofnanir hins opinbera hafa fulla vitneskju um staðsetningu sleppingar en opinberun staðsetningar kann að hafa neikvæð áhrif á öryggi starfsemi með erfðabreyttrar lífverur, og kann því að vinna gegn varúðarreglunni og markmiðum laganna.

13. grein frumvarpsins

Í 13. grein frumvarpsins er kynnt ný grein sem snertir leyfi til markaðssetningar.

Í tilskipun er talað um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera sem vöru eða vöru sem inniheldur þær sbr. tilskipun 2001/18/ PART C:

"PLACING ON THE MARKET OF GMOs AS OR IN PRODUCTS"

Í frumvarpi til laga (og í lögum nr. 18/1996) segir í 1.grein "Jafnframt taka lögin tilmarkaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar **erfðabreyttra lífvera , svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti.**"

Í 13. grein frumvarpsins er skilgreiningin á vöru ónákvæm og þar með gildissvið, auk þess sem ósamræmi verður til innan frumvarpsins og laganna. Þar segir:

"...markaðssetningar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða lífverum." Vakin er athygli á því að breytt orðalag kann að hafa áhrif á túlkun á gildissviði laganna.

Lagt er til, til að gæta samræmis í frumvarpi og löggjöf að 13. grein frumvarpsins verði svohljóðandi:

“Að fengnu leyfi til markaðssetningar **erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti**, skal umsækjandi tryggja að vöktun...” osfrv.

14. grein frumvarpsins

b. Umhverfisstofnun er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna, úttekta eða kynningar.

Hér er Umhverfisstofnun veitt sjálfðæmi til gjaldtöku t.d. við allar kynningar sem er í reynd opinn tékki sem fellur á umsækjanda. Engin mörk eru á umfangi þess kostnaðar sem kynning og samráð felur í sér og þar með er verið innleiða ógegnisæi í opinbera gjaldtöku. Verði hófs ekki gætt er hætt við að þessi grein frumvarpsins hafi neikvæð áhrif á möguleika opinberra aðila (háskóla, rannsóknastofnana) sem og einkaaðila til rannsókna og vísinda- og atvinnustarfsemi á sviði líftækni hér á landi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í athugasemdum við frumvarpið er því haldið fram að slepping erfðabreyttra lífvera út í umhverfið sé hættuleg (I., 5. lína). Þetta er órökstudd fullyrðing sem gengur þvert á niðurstöður víðtækra rannsókna og úttekta sem unnar hafa verið m.a. af undirstofnunum Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna (Alþjóða matvælastofnuninni FAO 2004, Alþjóða heilbrigðisstofnuninni WHO 2005; skýrslur beggja þessarra aðila hafa verið afhentar Umhverfisnefnd Alþingis) og fleiri óháðum rannsóknaraðilum.

Slíkar gildishlaðnar athugasemdir eru til þess fallnar að slá ryki í augu löggjafarvaldsins og eru hluti eða afleiðing hræðsluáróðurs hagsmunaaðila sem skapar óþarfa ótta og óöryggi hjá almenningi og þingmönnum við nýja tækni.

Það vekur furðu að sjá slíkar fullyrðingar í skýringum með frumvarpi til laga til Alþingis og bendir til vanþekkingar framkvæmdavalds á málefnum. Það þarf vart að ítreka mikilvægi þess að frumvörp til laga séu lögð fram á grundvelli traustra og áreiðanlegra upplýsinga en ekki getgáta og sleggjudóma byggðum á hjávísindum.

Gildandi löggjöf á Íslandi er snýr að erfðabreyttum lífverum byggir á tilskipunum og löggjöf Evrópusambandsins, sem er öll byggð á varúðarreglunni (precautionary principle). Tilskipanir EB í erfðatækni í landbúnaði eru þær fyrstu þar sem varúðarreglunni, þar sem náttúran er látin njóta vafans, er beitt í ystu æsar, enda eru reglur og löggjöf innan EB þær ströngustu í heimi. Það er því ekkert nýtt við að löggjöf, reglugerðir og leyfisveitingar er snerta erfðabreyttar lífverur byggir á varúðarreglunni. Það er hins vegar afbökun á upprunalegum tilgangi varúðarreglunnar að beita henni fyrir sig í pólitískum tilgangi til að banna hluti. Vísindaleg fullvissa, er hugtak sem ekki er til í raunvísindum frekar en í raunveruleikanum, og á ekki heima í lagafrumvörpum eða reglugerðum. Það eru fáir þess umbornir að höndla eða dæma um slíkan algildan sannleika.

Varúðarreglan ber það með sér að þeir sem beita henni við löggjöf eru í skotlínu hræðsluáróðurs sem hefur það að markmiði að skapa óöryggi og ótta hjá löggjafarvaldinu sem þá hneigist til þess að beita varúðarreglunni í tíma og ótíma – til öryggis. Orðalag skýringa með lagafrumvarpinu bendir til þess að flutningsmenn séu undir áhrifum frá slíkum hræðsluáróðri.

Misvitur beiting varúðarreglunar hefur gert það að verkum að Evrópa hefur mikið til misst af þeirri framþróun og framförum í matvælaöryggi sem plöntuerfðatæknin, sem byggir á Evrópskum vísindum, hefur fært heiminum.

Yfir 14 milljón bændur sem langflestir eru efnalitlir smábændur hafa ræktað á árinu 2009 plöntur sem kynbættar voru með erfðatækni á yfir 134 milljón hekturum lands víðsvegar um heim á í 25 löndum. Árangurinn hefur verið öruggari uppskera, minni eiturefnanotkun, betri heilsa bænda og landbúnaðrverkamanna og auknar tekjur til bænda. Þá má benda á að í þau 15 ár sem erfðabreyttar lífverur hafa verið á boðstólum, hefur engum orðið misdægurt af neyslu þeirra, sem er meira en hægt er að segja um ýmsar aðrar gerðir matvælaframleiðslu sem hefur á sér óverðskuldaðan heilsustimpil.

Þannig háttar til að verðlaunuð nýsköpunar- og tæknifyrirtæki á Íslandi eru leiðandi í heiminum á sviði plöntulíftækni þar sem tækninni er beitt til þess að framleiða verðmæt prótein sem nýtt eru til vísinda- og læknisfræðirannsókna um allan heim, lyfjafyrirtæki eru að hefja þróun lyfjaforma m.a. gegn krabbameini, sem byggja á þessari íslensku nýsköpun, markaðssetning hágæða húðvara bæði fyrir húðlækna og neytendur er langt komin í löndum Evrópu. Það eru að verða til gríðarleg útflutningsverðmæti byggð á íslensku hugviti og nýsköpun og frumframleiðslu afurða í landinu sem eiga sér fyrst og fremst markað erlendis með tilheyrandi tækifærum til gjaldeyrstekna fyrir þjóðarbúið.

Það er því eðlileg krafa, eins og atvinnu- og efnahagsmálum er háttað hér á landi, að löggjafinn vandi sérstaklega til lagasetningar sem snertir hagsmuni og forsendur slíkrar nýsköpunar starfsemi, svo hún geti áfram þrífist og dafnað hér á landi.

EES- samningurinn gerir kröfu um innleiðingu tilskipana EB. Nú er verið að lögleiða átta ára gamla tilskipun frá þeim tíma þegar tortryggni gættl hvað mest í garð erfðabreyttra lífvera í Evrópu. Á þessum átta árum hefur ræktun á erfðabreyttum plöntum farið fram á Viðhorf almennings og stjórnvalda í mörgum löndum hefur hins vegar orðið jákvæðara með hverju árinu frá 2003 þegar tilskipunin var gefin út skv. könnunum Eurobarometer, og sérstaklega er viðhorfið jákvætt gagnvart þeirri gerð sameindaræktunar til iðnaðar- og læknisfræðilegra nota sem stunduð er hér á landi.

Það er því ýmislegt sem bendir til þess að neikvætt viðhorfið sem skín í gegn í texta, þar sem frumvarpið er m.a. rökstutt með hættu sem er ekki fyrir hendi, sé ómur frá gamalli tíð þegar erfðatækni hafði ekki náð jafn víðtækri útbreiðslu í heiminum og í dag.

Eins og bent er á í samþykkt Sprota- og hátækniþings 2009 skiptir sköpum að þróa lagaumhverfi sem styður frekar en hamlar nýsköpun. Það er lágmarkskrafa að löggjöfin sé ekki gildishlaðin og orðalag ekki tortryggilegt, og að ekki sé gengið lengra í hamlandi löggjöf hérlendis en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Stjórnvöld hafa undanförunum árum unnið markvert starf til að bæta aðstæður til nýsköpunar og fjölbreytni í atvinnulífi í landinu. Líftækni er mikivægur þáttur í þróun þekkingar- og lífsamfélags (Bio-based economy, OECD) komandi áratuga. Það er mikilvægt að hlúa að tækifærum á þessum vettvangi - Ísland á ríkra hagsmuna að gæta.

Fulltrúar ORF Líftækni eru reiðubúnir til að koma til fundar við umhverfisnefnd ef óskað er frekari skýringa og umræðna.

Virðingarfyllst,



EINAR MÄNTYLÄ

f.h. ORF Líftækni hf.

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur
Samkvæmt lögum nr 18/1996, um erfðabreyttar lífverur
Eva Benediktsdóttir, formaður
eben@hi.is, s. 525 4584

Alþingi
Erindi nr. P 138/2722
komudagur 3.6.2010

Minnisblað vegna fundar með umhverfisnefnd Alþingis 3. Júní 2010, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1995, um erfðabreyttar lífverur. Þskj. 903-516. mál.

Eva Benediktsdóttir og Aðalsteinn Sigurgeirsson

Þörf er á sterkri faglegri nefnd í þeim málaflokki sem lítur að líftækni, erfðatækni og náttúrufræði.

Hlutverk ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur á Íslandi er þrengra heldur en hjá sambærilegum nefndum í mörgum nágrannalöndum. Samkvæmt frumvarpi sem lagt hefur verið fram er dregið úr hlutverki ráðgjafanefndarinnar þar sem fræðsluhlutverkið er tekið af, en eftir situr það hlutverk að veita umsagnir og ráðgjöf vegna mögulegra áhrifa erfðabreyttra lífvera á umhverfið.

Hætta er á að starfsemi nefnda sem hafa takmarkað hlutverk verði slitrótt og þær verði veikar. Dýrt er að búa sæmilega að mörgum nefndum sem hafa svipuð hlutverk.

Ef sameinuð væru störf nefnda sem hafa svipuð hlutverk og krefðust sömu eða svipaðrar fagþekkingar gæti orðið til styrk nefnd. Starfandi eru nú þegar nokkrar nefndir sem hafa lík hlutverk og krefjast líkrar sérþekkingar. Sem dæmi má nefna Sérfræðinganefnd um framandi lífverur og Erfðanefnd landbúnaðarins. Á næstunni er fyrirhuguð löggjöf um erfðabreytt matvæli og fóður, og mætti vísa málefnum þar að lútandi til slíkrar nefndar. Með því að sameina nefndir mætti búa betur að þeim og fá meiri samfellu í starfseminum.

Mikilvægt er að haft sé samráð við vísindasamfélagið um skipan í nefndina.

Varúðarreglan

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi um breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur er gert ráð fyrir að gefa varúðarreglunni lagalegt gildi. Mjög líklegt er að slíkt bjóði upp á erfiða stöðu lagalega, enda hefur reglan ekki verið fest í önnur lög svo við vitum, hvorki á Íslandi né annars staðar. Einnig má búast við miklum vandræðum fagaðila og stjórnsýslu við túlkun á reglunni. Við hvetjum því til að farið verði yfir það mál sérstaklega af lögfræðingum og öðrum fagaðilum. Annað mál er að sú hugsun sem að baki liggur er góð og gild.

Ef samþykkt verður að varúðarreglan verði tekin upp í lög bendum við á að mikilvægi þess að hafa óháða ráðgjafanefnd sem stendur styrkum fótum í vísindasamfélaginu, enda er alþjóðlega gert ráð fyrir því að áhættumat byggist á faglegri umfjöllun.

Eva Benediktsdóttir er dósent í örverufræði við Líf- og umhverfisvísindadeild H.Í. og hefur setið í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur síðan árið 2000, sem formaður 2003-2006 og frá 2007.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógerfðafræðingur og forstöðumaður Skógræktar ríkisins, hefur setið í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur frá 1998.

Umhverfisnefnd Alþingis
Ólína Þorvarðardóttir, formaður,
Alþingi v/ Austurvöll
150 Reykjavík.

Reykjavík 31. maí 2010

Erindi: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Þskj. 903– 516. mál.

Umsögnum ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur er skipt í tvennt, annars vegar umsagnir varðandi ráðgjafanefndina sjálfa sem um er getið í 6. gr. laganna, hins vegar um 1. grein laganna.

Varðandi 5. grein frumvarpsins um ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur, samsetningu og hlutverk.

Umsögn meirihluta ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur.

Lagt er til að 1. málslíður 6. gr. laganna hljóði svo:

„Skipuð verði níu manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðilækingu á sviði náttúrufræði, lífvísindum og siðfræði. Við skipan í nefndina skal haft samráð við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði.“

3. málslíður hefjist svo:

„Nefndin skal meðal annars veita umsagnir samkvæmt lögum þessum

Samkvæmt frumvarpinu er fræðsluhlutverk tekið af ráðgjafanefndinni, enda hefur hún aldrei haft til þess efni. Eftir situr það eina hlutverk að veita umsagnir og ráðgjöf vegna erfðabreyttra lífvera. Erfitt er að skapa samfellu í starfsemi nefndar sem hefur svo lítið hlutverk, og því er lagt til að skipuð verði ráðgjafanefnd sem hafi víðara hlutverk en að vera ráðgefandi varðandi erfðabreyttar lífverur. Starfandi eru nú þegar nokkrar nefndir sem hafa lík hlutverk og krefjast líkrar sérþekkingar, og mætti huga að því að sameina allar slíkar nefndir í eina. Sem dæmi má nefna Sérfræðinganefnd um framandi lífverur og Erfðanefnd landbúnaðarins. Á næstunni er fyrirhuguð löggjöf um erfðabreytt matvæli og fóður, og gætu málefni þar að lútandi verið undir slíkri nefnd. Með því að sameina nefndir mætti búa betur að þeim og fá meiri samfellu í starfsemina.

Þörf er á faglegri nefnd í þessum málaflokki, og er því lagt til að sett verði í lög að svo verði. Þetta er sérlega mikilvægt ef sett er í lög, eins og hér er lagt til, að „.....framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram í samræmi við varúðarregluna...“, þar sem aðkoma vísindasamfélagsins er og verður lykilatriði í ákvarðanatöku og í málefnalegri umfjöllun um erfðabreyttar lífverur, sbr. umsögn frá Ólafi S. Andrésyni, prófessor í erfðafræði við Háskóla Íslands, vegna sams konar frumvarps sem lagt var fram á síðasta ári, dags. 18. Júní 2009.

Umsögn Jóns Ásgeirs Kalmanssonar.

Ég tek undir þá tillögu að huga að sameiningu nefnda á þessu sviði, með það í huga að styrkja faglegar forsendur í umfjöllun um málefnið. Að mínum dómi kallar viðfangsefni nefndarinnar á þverfaglega nálgun. Það varðar ekki aðeins sérfræðinga á tilteknum sviðum heldur einnig samfélagið í heild. Eðlilegast er að í nefndinni sitji sérfræðingar á sviði líftækni, náttúrufræði og siðfræði, og að auki sérfræðingar af öðrum sviðum og/eða almennir borgarar sem láta sig viðfangsefnið varða. Ef á annað borð á að fjalla um samsetningu nefndarinnar í lögnum er að mínum dómi nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram - svo engum misskilningi sé boðið heim.

Umsögn Gunnars Á. Gunnarssonar.

Æskilegt er að kanna möguleika á sameiningu ráðgjafarnefndar og annarra skyldra nefnda á nokkrum sviðum laga, en bent er á að ákvæði um skipan slíkrar nefndar verði ekki sett í lögum um eitt tiltekið

svið. Hugsanlega þarf að setja sérlög um slíka nefnd ef af yrði. Nauðsynlegt er, áður en tekin er ákvörðun um slíkt, að fram fari úttekt á kostum og göllum slíkrar sameiningar og að markmið og málefni mismunandi lagareglna sem þar eiga hlut að máli, fremur en sýndur sparnaður, verði látin ráða þar för.

5. gr. frumvarpsins breytist og hljóði þannig:

„6. gr. laganna breytist og orðast svo: Umhverfisráðherra skal skipa níu manna ráðgjafarnefnd um málefni erfðabreyttra lífvera og afurða þeirra. Skipa skal með sama hætti jafn marga til vara. Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur í reglugerð og skal þar kveðið á um hvenær skylt er að leita umsagnar nefndarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin eða leyfi veitt. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.“

Greinargerð: Hugmyndir um að einvörðungu tiltekin sérfræðipækning eigi erindi inn í ráðgjafarnefnd stangast á við markmið gildandi laga og þess frumvarps sem hér liggur fyrir. Andi laga og reglugerða er að meðferð þessara mála, umfjöllun um þau og ákvarðanatöku séu byggð á aðkomu margra sviða og sjónarmiða, að þau séu ekki einkamál sérfræðinga af þröngum fræðavettvangi, að almenningur eigi greiða aðkomu að málum, og að umræða sé opin og víkkuð út í stað þess að hún sé lokuð í þröngum kimum. Meðal fyrirmynda um þau efni er bent á nefnd norska ríkisins um líftækni. Til dæmis á þekking á sviðum félagsvísinda, hugvísinda og siðfræði, lífvísinda, heilbrigðisvísinda og umhverfisvísinda fullt erindi í umræðu og ákvarðanatöku um erfðabreyttar lífverur, en ekki síður þekking á hinum ýmsu sviðum þjóðlífs og menningar sem ekki verður endilega flokkuð undir tiltekin sérfræðasvið.

Varðandi 1. gr. frumvarpsins:

Umsögn meirihluta ráðgjafanefndar

Lagt er til að eftirfarandi setningu í 1. gr. laganna verði breytt þannig að

„Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera.“

verði


„Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn hugsanlegum skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera.“

Setningin óbreytt gefur til kynna að erfðabreyttar lífverur séu skaðlegar og óæskilegar. Sem dæmi má nefna að erfðabreyttar lífverur eru undirstaða mikils hluta rannsókna og framfara í líf- og læknisfræði svo og undirstaða vaxandi líftækniíðnaðar og framleiðslu í landbúnaði. Óábyrgt er að gefa í skyn í lögum að áhrif þeirra séu allaf skaðlegar og óæskilegar .

Umsögn þriggja meðlima ráðgjafanefndarinnar, Jóns, Gunnars og Ásrúnar Elmarsdóttur

Óþarfi er að breyta þessari fyrstu setningu. Hún leggur einungis grunn að því um hvað lögin fjalla, það er að vernda náttúru landsins o.s.frv. Hér teljum við að ekki sé verið að leggja dóm á það hvort að erfðabreyttar lífverur séu skaðlegar/óæskilegar. Einungis er talað um að vernda náttúruna gegn skaðlegum/óæskilegum áhrifum þeirra (séu þau fyrir hendi). En áhrifin geta orðið óæskileg þegar nýjar lífverur nema land, hvort sem þær eru erfðabreyttar eða ekki, og geta haft áhrif á það lífríki sem fyrir er.

F. h. ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur


Eva Benediktsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 138/2308
komudagur 17.5.2010



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, 516. mál.

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hafa borist til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið og skila hér sameiginlegri umsögn.

Samtökin skiluðu umsögn um málið þegar það var til umfjöllunar 137. löggjafarþingi 2009 og eru flestar athugasemdirnar í fullu gildi. Samtökin vilja áréttta mikilvægi athugasemdar við 2. gr. frumvarpsins. Orðalagið í frumvarpinu gefur tilefni til að túlka lögln mun víðtækar en tilskipunin gefur tilefni til. Aðrar athugasemdir sem samtökin gera eru einnig í þá átt að laga orðalag þannig að það samræmist löggjöf annarra landa sem hafa tekið upp tilskipunina.

Samtökin senda í fylgiriti þingnefndartillögu frá Hátækni- og sprotabingi 2009. Þar var lögð fram tillaga sem var rædd af hópi fólks og er hún hér lögð fram með þeim athugasemdum og breytingartillögum sem fram komu á þinginu. Fjöldi þingmanna tók þátt í hátækni- og sprotabingi og belnum við því til nefndarmanna að skoða þetta frumvarp í samhengi við aðgerðir vegna hátækni- og sprotafyrirtækja. Lagaumhverfi var eitt af áhersluatriðunum í þessari tillögu og þar segir :

„Sníða þarf lagaumhverfi sem styður við fremur en að hamla nýsköpun. Mikilvægt er að lög og reglugerðir velti nauðsynlegt aðhald og greiði fyrir atvinnuskapandi starfsemi. Líftækni er undirliggjandi tækni í samfélaginu, rétt eins og upplýsingatækni og hún er notuð á fjölmörgum sviðum samfélagsins s.s. í landbúnaði, matvælavinnslu, heilbrigðisviði, orkuviðnaði og sjávarútvegi. Erfðatækni er mikilvægt verkfæri fyrir alla líftæknistarfsemi. Líftækni er ein af forsendum nútímasamfélags og skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni þjóða. Mikilvægt er að laga- og reglugerðarumhverfi á Íslandi, velti eðlilegt aðhald en gangi ekki lengra en gerist í nágrannalöndunum. Þannig stuðlum við að því að fyrirtæki og stofnanir, sem vinna með erfðatækni standi ekki halloka í alþjóðlegri samkeppni og verði rekin í sátt við innviði samfélagsins. Gæta verður að hagsmunum almennings og tryggja að löggjöf velti líftækniyrirtækjum nægjanlegt aðhald án þess þó að það hamli starfsemi þeirra. Stuðla þarf að virkri stjórnsýslu við afgreiðslu leyfisumsóknna og þegar reglugerð er framfylgt, svo lögmæt starfsemi fái þrífist innan ramma settra laga og reglugerða. Hvetja srotafyrirtæki til að hafa gæðamál, vottunarferli og

fagglidingar í forgrunni. Hvetja sprotafyrirtæki til að fylgja stefnu um sjálfbæra þróun og hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi."

Eftirfarandi eru athugasemdir sem gerðar eru við einstaka greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna, eins og það kemur fram í frumvarpinu, er ekki að finna í texta tilskipunarinnar eða inngangi hennar. Orðalagið „*skaðleg og óæskilleg áhrif*“ er ekki að finna í tilskipun enda mun strangara en tilskipunin gefur tilefni til. Bent er á að í inngangi er t.d. notað orðalagið „*controlling risks*“ eða stýra áhættu. Lagt er til að markmið laganna verð færert til samræmis við texta tilskipunarinnar. Tilskipunin nær ekki til dýra og því er lagt er til að svo verði einnig hér.

Um 2. gr.

Gerð er athugasemd við orðalag um markmið laganna. Orðalagið er að mestu óbreytt frá fyrri lögum en sambærilegar greinar í tilskipun hafa hins vegar breyst talsvert í nýrri útgáfu, sem hér er verið að taka upp. Í 1. gr. frumvarpsins segir „... *Jafnframt taka lögin til [.....] annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti.*“ Þetta orðalag er mun víðara en það orðalag sem er notað í tilskipuninni. Til þess að gildissvið laganna sé í samræmi við tilskipunina er lagt er til að notað verði orðalagið „...*erfðabreyttra lífvera sem vöru eða hluta af vöru...*“. Merkingin er afar ólík eftir því hvort orðalagið er notað. Tilskipunin gildir um lífverur eingöngu en ekki vörur unnar úr lífverum, elns og skilja má frumvarpið. Aðrar reglur gilda um vörur framleiddar úr erfðabreyttum lífverum. Þetta tiltekna orðalag eða sambærilegt orðalag er endurtekið nokkrum sinnum í frumvarpinu, t.d. í 3. gr., 7. gr. og 13. gr. og á nokkrum stöðum í lögum nr. 18/1996. Lagt er til að því verði alls staðar breytt en mikilvægt er að svo verði gert til að gildissvið laganna verði ekki misskillið. Einnig er hætt á árekstrum við aðrar tilskipanir Evrópusambandsins sé samræmis ekki gætt.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að 4. mgr. 2. gr. verði felld á brott. Þar er kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð. Lagt er til að greinin standi því staðsetning og náttúrufrar skiptir máli í þessu sambandi og rétt að taka tillit til sérstöðu héraendis.

Athygli vekur að setningin „*Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti*“ en sambærilegt orðalag er í tilskipuninni er í undanþáguákvæði. Lagt er til að undanþágur frá gildissviði sem koma fram í 3. grein tilskipunar komi einnig fram í lögnum og setningin orðist svo „*Lögin taka ekki til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti*“. Ennfremur er lagt til að undanþágu ákvæði tilskipunar, sem vísar til viðauka A, verði sett í lög en þau er ekki að finna í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Í orðskýringu er skilgreining á „*sleppingu og dreifingu*“. Orðið *dreifing* er nær ekkert notað í lögnum og bætir engu við þau. Því er lagt til að orðið *dreifing* falli á brott í frumvarpstextanum.


Um 12. gr.

Lagt er til að lokamálsliður falli á brott, „*þ.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjenda er skylt að framkvæma.*“ Í 10. gr. frumvarpsins kemur fram að þetta er hluti af þeim gögnum sem umsóknaraðilla ber að leggja fram og því óþarft að til taka það sérstaklega hér.


Samkvæmt 6. gr. laganna skal skipa ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur. Hefð hefur verið fyrir því að skipa óháða sérfræðinga sem starfa við stofnanir og háskóla í nefndina. Umsagnaraðilar vilja vekja athygli á að nú hefur verið skipaður í nefndina starfsmaður fyrirtækis, sem hefur hagsmuni, er geta stangast á við hagsmuni þeirra sem leita með mál til nefndarinnar. Nefndir af þessu tagi geta verið tvenns konar; skipaðar sérfræðingum sem er ætlað að vinna óháð hagsmunum eða skipaðar hagsmunaaðilum og er þess þá gætt að sem flestir hagsmunaaðilar eigi rödd í hópnum. Óheppilegt er að blanda þessu saman þannig að einn hagsmunaaðili fái aðgang að nefndum sem aðrir komast ekki að. Umsagnaraðilar telja æskilegt að í ráðgjafanefnd af þessu tagi sé hlutleysis gætt. Ekki er talin þörf á lagabreytingu vegna þessa en skerpa þarf á stjórnsýslunni.



Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins



Borgarnesi 17. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur (EES-reglur, upplýsingagjöf til almennings), 516. mál.

Hér fer á eftir umsögn undirritaðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010, 516. mál:

a) Almenn umsögn

Frumvarpið er liður í innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Við skoðun á einstökum greinum frumvarpsins hefur því einkum verið lögð áhersla á að ganga úr skugga um hvort orðalag teljist fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum tilskipunarinnar.

Í athugasemdum hér að neðan við einstakar greinar frumvarpsins eru viðbætur undirstrikaðar, en tvöfaldri yfirstrikun beitt til að auðkenna stafi, orð eða setningarhluta sem lagt er til að falli út.

b) Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

3. grein

Orðskýring fyrir „*Slepping eða dreifing*“ í c-lið 3. greinar frumvarpsins virðist ekki í fullu samræmi við orðalag tilskipunar 2001/18/EB. Þar er talað um “deliberate release” í þeim tilvikum þar sem ekki er beitt sérstökum tálmunum (“specific containment measures”) til að tryggja öryggi og lágmarka snertingu erfðabreyttra lífvera við fólk og umhverfi. Í c-lið 3. greinar er hins vegar tiltekið að um sé að ræða ræktun, eldi eða sleppingu „*utan húss án þess að þær séu lokaðar af með veggjum*“. Samkvæmt orðalagi tilskipunarinnar getur „slepping eða dreifing“ ekki aðeins farið fram utanhúss, heldur hugsanlega einnig innanhúss í tilvikum þar sem afmörkun stendur ekki undir nafni sem “specific containment measures”. Ekki er sjálfgefið að veggir tryggi næga afmörkun hvað þetta varðar. Að þessu leyti er skilgreining frumvarpsins því þrengri en tilskipunarinnar. Því er lagt til að c-liður hljóði svo:

Slepping eða dreifing er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur, eða vara sem hefur þær að geyma, eru ræktaðar, aldar eða þeim hleypt (sleppt eða dreift) ~~utan húss án þess að þær séu lokaðar af með veggjum~~ beitt sé sérstökum tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.

7. grein

Í 7. grein virðist vanta ákvæði um upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir vegna umsókna um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera. Slík notkun getur þó skipt verulegu máli fyrir þriðja aðila, t.d. vegna hugsanlegra áhrifa á markaðsstöðu matvælaframleiðenda með starfsemi í nánd við gróðurhús þar sem ræktun (afmörkuð notkun) erfðabreyttra lífvera fer fram. Því er lagt til að inn í upphaf 7. greinar verði bætt svohljóðandi ákvæði um upplýsingagjöf og rétt almennings í slíkum tilvikum:

a. (8.gr.)

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera. Almennigur getur borið fram athugasemdir til Umhverfisstofnunar innan 30 daga frá birtingu útdráttar úr umsókn.

Númer annarra greina breytist í samræmi við þessa viðbót.

Samkvæmt frumvarpinu virðist réttur almennings til upplýsinga og athugasemda þegar um er að ræða umsóknir um sleppingu erfðabreyttra lífvera eiga að takmarkast við rétt til upplýsinga „þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið“. Þarna virðist með öðrum orðum vanta að tryggður sé réttur almennings til að gera athugasemdir vegna umsókna um sleppingu. Því er lagt til að ákvæði um þennan rétt verði fellt inn í það sem nú er 1. mgr. a-liðar 7. greinar með eftirfarandi hætti:

ba. (98.gr.)

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera og útdrátt úr umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur á markað. ... o.s.frv.

Í samræmi við framanskráð er lagt til að a-liður þess sem nú er b-liður 7. greinar falli út:

cb. (109.gr.)

Umhverfisstofnun ber að upplýsa almenning í eftirfarandi tilvikum:

~~a. þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið á Íslandi í öðrum tilgangi en að setja þær á markað,~~

ab. þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án leyfis, ... o.s.frv.

15. grein


Orðalag 15. greinar stenst ekki samanburð við orðalag 9. greinar tilskipunar 2001/18/EB, þar sem fram kemur að *“Member States shall, without prejudice to the provisions of Articles 7 and 25, consult the public and, where appropriate, groups on the proposed deliberate release”*. Í tilskipuninni kemur með öðrum orðum skýrt fram að aðildarríkin skuli hafa samráð við almenning varðandi fyrirhugaðar sleppingar og að einnig skuli haft samráð við hópa eftir því sem við á. Þess vegna er ótækt að lögin feli í sér heimild til Umhverfisstofnunar til að „mæla fyrir um að samráð skuli haft við almenning“, eins og það er orðað í frumvarpinu. Því er lagt til að 15. grein hljóði svo:

~~2. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 32. gr., orðast svo:~~

Umhverfisstofnun er heimilt að mæla fyrir um að skal hafa samráð skuli haft við almenning, og eða eftir því sem við á tiltekna hópa, um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Slíkur fundur skal auglýstur sérstaklega.

Umhverfisráðherra getur sett um það nánari ákvæði í reglugerð hvernig Umhverfisstofnun skuli haga samráði skv. 1. mgr.

Með bestu kveðjum



Stefán Gíslason

Umhverfisstjórnunarfræðingur MSc
Framkvæmdastjóri UMÍS ehf. Environice

Alþingi
Erindi nr. P 138/2361
komudagur 18.5.2010

Alþingi - umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. maí 2010
Tilvísun: UST20100500043/sá

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, þskj. 903, 516. mál.

Með tölvubréfi, dags. 6. maí 2010 sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, þskj. 903, 516. mál.

Frumvarp sama efnis var áður flutt á 137. löggjafarþingi. Umhverfisstofnun sendi nefndinni umsögn um það mál, 2. mál, þskj. 2, með bréfi, dags. 8. júní 2009. Brugðist hefur verið við flestum þeim efnislegu athugasemdum fram komu í þeirri umsögn.

Þegar frumvarpið var lagt fram á 137. löggjafarþingi kom fram að ætlað væri að kostnaður við aukin verkefni Umhverfisstofnunar verði 1,5–2,5 m.kr. fyrsta árið, m.a. vegna vinnu við gerð nýrra reglugerða, en lækki verulega eftir það. Meðtalið í þeirri fjárhæð er kostnaður við fræðsluverkefni sem flyst frá ráðgjafanefndinni. Á móti kemur að stofnuninni verður heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar af leyfisumsókn, auk þess sem gjaldtökuákvæði laganna eru skerpt. Öðrum kostnaði verður mætt af núverandi fjárheimildum stofnunarinnar.


Athugasemd Umhverfisstofnunar var að árlegur kostnaður stofnunarinnar, þrátt fyrir heimildir til gjaldtöku vegna leyfisveitinga, yrði um 5 m.kr.


Mat á kostnaðaráhrifum frumvarpsins nú er Verði frumvarpið að lögum er áætlað að kostnaður við aukin verkefni Umhverfisstofnunar, m.a. vegna vinnu við gerð nýrra reglugerða, verði á bilinu 2–2,7 m.kr. fyrsta árið en lækki verulega eftir það. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar. Umfang verkefna sem byggjast á gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu er innan við 0,2 m.kr. á ári. Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs séu því óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á að skyldur stofnunarinnar eru óbreyttar frá framlagningu frumvarpsins á 137. löggjafarþingi. Ætlað mat á kostnaðaráhrifum kostnaður við aukin verkefni hefur hins vegar hækkað lítillega en gert ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan


núverandi fjárheimilda stofnunarinnar. Á sama tíma hafa fjárheimildir stofnunarinnar verið skornar niður eins og hjá öðrum stjórnsýslustofnunum en hér er að hluta til um að ræða nýtt verkefni og því mikilvægt að aukning kostnaðar sé viðurkennd. Ennfremur er tekið út tilvísun til þess að fræðsluverkefni bætast við verkefni stofnunarinnar. Stofnunin bendir á að ekki verður unnt að gjaldtaka fyrir þau verkefni. Stofnunin telur að aukinn kostnaður stofnunarinnar felist fyrst og fremst í aukinni vinnu vegna leyfisveitinga og eftirlit. Með frumvarpinu eru heimildir stofnunarinnar til gjaldtöku fyrir þá þætti, styrktar. Eftir stendur kostnaður vegna breytinga á reglum og verkferlum um erfðabreyttar lífverur sem og kostnaður vegna fræðslu en ljóst er að aukin krafa er um fræðslu um erfðabreyttar lífverur. Ennfremur er ljóst að erfðabreyttar lífverur varða verkefni fleiri stofnana svo sem Matvælastofnunar. Stofnunin telur mikilvægt að lögð sé vinna í samstarf og gerð upplýsingaefnis til hagsmunaaðila og almennings um verkaskiptingu stofnana sem vinna að þessum málaflokki. Stofnunin telur framangreint kostnaðarmat því ekki byggjast á réttum forsendum og áréttar mat sitt á að árlegur kostnaður verði um 5 m.kr. þrátt fyrir gjaldtökuheimildir verði nýttar.

Vitðingarfyllst


Kristín L. Arnadóttir
Forstjóri


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2360
komudagur 18.5.2010



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífriki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Simbréf 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2010

Mál 516.

Veiðimálastofnun barst til umsagnar mál 516 í þingskjali nr. 903 um breytingar á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífveru. Veiðimálastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri